

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	14.09.2016
Málalykill	00.48
Mál nr.	1609205



Til sveitarfélaga

UPPGJÖR Á STAÐGREIÐSLU TIL SVEITARFÉLAGA EFTIR ÁLAGNINGU ÚTSVARIS 2016 V/TEKNA 2015

Uppgjörið er byggt á álöððu útsvari og verðbótum á ógreitt útsvar skv. álagningaraskrá, verðbótum á ofgreitt útsvar skv. 8. gr. samkomulags frá 8. júní 1990 og skil á innheimtri staðgreiðslu 01.01.15 – 31.05.16 vegna gjaldársins 2015. Að auki er tekið inn í uppgjörið hluti hvers sveitarfélags vegna kostnaðar við innheimtu skv. 32. gr. laga nr. 45/1987 og uppgjör á hluta Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í útsvari.

Uppgjör vegna hlutdeildar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga af álagningarstofni útsvars skv. lögum nr. 4/1995 með síðari breytingum er tekið inn með uppgjöri útsvars. Hluti Jöfnunarsjóðs er reiknaður af álöððu útsvari og eftirstöðvum útsvars sem er til innheimtu hjá innheimtumönnum ríkissjóðs. Áætlaður hluti Jöfnunarsjóðs í innheimtu upp í eftirstöðvar útsvars að teknu tilliti til áætlaðra skattbreytinga og afskrifta er færður á milli viðskiptareikninga viðkomandi sveitarfélags og sjóðsins. Fjársýsla ríkisins skilar innheimtu upp í eftirstöðvar útsvars, sem er til innheimtu hjá innheimtumanni, óskiptri til viðkomandi sveitarfélags en áætlaður hluti Jöfnunarsjóðsins í þeirri innheimtu er dreginn af skilum á staðgreiðslufé. Endanlegt uppgjör á hluta Jöfnunarsjóðs í innheimtu á eftirstöðvum útsvars vegna gjaldársins 2015 fer síðan fram við uppgjör útsvars á næsta ári. Inn í þetta uppgjör er einnig endanlegt uppgjör á hluta Jöfnunarsjóðsins í eftirstöðvum útsvars vegna gjaldársins 2014.

Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í útsvari er 0,77% af álagningastofni útsvars vegna grunnskóla og 0,99% af álagningastofni útsvars vegna málefna fatlaðra.

SKÝRINGAR MEÐ UPPGJÖRI ÚTSVARIS

1. Álagning

Álagning útsvars hjá hverju sveitarfélagi er samkvæmt álagningaraskrá skattstjóra.

2. Verðbætur á ógreitt útsvar

Verðbætur á álagt ógreitt útsvar hjá hverju sveitarfélagi eru samkvæmt álagningaraskrá skattstjóra.

3. Til innheimtu hjá gjaldendum

Eftirstöðvar álagningar útsvars og verðbóta á ógreitt álagt útsvar hjá einstaklingum eru samkvæmt álagningarskrá skattstjóra og kemur til lækkunar í uppgjöri á staðgreiðslu ársins.

Eftirstöðvar fara til innheimtu hjá innheimtumanni ríkissjóðs. Fjársýsla ríkisins skilar innheimtu á eftirstöðvum útsvars til viðkomandi sveitarfélaga.

4. Verðbætur á ofgreitt útsvar

Hluti sveitarfélags í verðbótum á ofgreitt útsvar er reiknað út samkvæmt 8. gr. samkomulags frá 8. júní 1990 um uppgjör á staðgreiðslu við álagningu opinberra gjalda.

A Staðgreiðsla samtals

Líðir 1 – 4 gefa staðgreiðslu sem skila á til sveitarfélagsins áður en hluti Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í útsvari er dreginn frá.

Innheimtukostnaður er reiknaður af þessari fjárhæð.

5. Kostnaðarhluti vegna innheimtu

Kostnaður sveitarfélaga, 0,5%, við framkvæmd staðgreiðslulaga samkvæmt 32. gr. laga nr. 45/1987 er færður til frádráttar. Kostnaður sveitarfélaga er reiknaður út frá álögðu útsvari að viðbættum verðbótum á ógreitt útsvar en til frádráttar koma reiknaðar verðbætur á ofgreitt útsvar og eftirstöðvar til innheimtu hjá innheimtumanni.

6. Áður greiddur kostnaður bakfærður

Áður reiknaður kostnaðarhluti sveitarfélaga samkvæmt lögum nr. 45/1987 er færður til baka. Kostnaðarhluti þessi var reiknaður miðað við hluta sveitarfélaga í innheimtri staðgreiðslu tímabilið 01.01.15 – 31.12.15 og dreginn frá skilum í janúar 2016.

7. Bráðabirgðauppgjör

Til frádráttar í uppgjörinu koma greiðslur vegna hlutdeildar sveitarfélaga í innheimtri staðgreiðslu tímabilið 01.01.15 – 31.05.16 vegna gjaldársins 2015 samkvæmt skiptingu innheimtuskilakerfisins.

B Uppgjör staðgreiðslu

Uppgjör á útsvari í staðgreiðslu áður en hluti Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er tekinn inn í uppgjörið.

Uppgjör Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Grunnskólar, 0,77% af útsvarsstofni

8. Álagning, hluti Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Álagt útsvar hjá hverju sveitarfélagi er samkvæmt álagningarskrá skattstjóra. Hluti Jöfnunarsjóðs er 0,77% af álagningarstofni útsvars vegna grunnskóla og er reiknaður þannig að álagt útsvar hjá hverju sveitarfélagi er margfaldað með hluta Jöfnunarsjóðsins og deilt í með álagningarprósentu útsvars í viðkomandi sveitarfélagi.

9. Til innheimtu hjá gjaldendum, hluti Jöfnunarsjóðs

Eftirstöðvar álagningar útsvars til innheimtu hjá gjaldendum er skv. álagningarskrá skattstjóra. Hluti Jöfnunarsjóðs er reiknaður 0,77% af eftirstöðvum útsvars hjá hverju sveitarfélagi og deilt í með álagningarprósentu útsvars í viðkomandi sveitarfélagi.

10. Hluti í innheimtu eftirstöðva útsvars

Hluti Jöfnunarsjóðs í áætlaðri innheimtu á eftirstöðvum útsvars, ágúst – desember 2016 er reiknaður þannig að gert er ráð fyrir að álagt útsvar í hverju sveitarfélagi taki breytingum frá skattstofum sem nemi meðaltali skattbreytinga hjá hverju sveitarfélagi undanfarin tvö ár. Eftirstöðvar útsvars til innheimtu eru lækkaðar eða hækkaðar sem nemur áætluðum skattbreytingum og síðan færðar niður um 10% til viðbótar sem eru áætlaðar afskriftir. Eftir standa áætlaðar eftirstöðvar sem talið er að muni innheimtast og er hluti Jöfnunarsjóðs reiknaður af þeim þannig að þær eru margfaldaðar með 0,77% og deilt í með álagningarprósentu útsvars í viðkomandi sveitarfélagi.

11. Bakfærður hluti Jöfnunarsjóðs í eftirstöðvum úr álagningu 2015

Hluti Jöfnunarsjóðs í áætlaðri innheimtu á tímabilinu ágúst – desember 2015 á eftirstöðvum útsvars eftir álagningu 2015 vegna gjaldársins 2014 og færður var í uppgjöri síðasta árs er bakfærður.

12. Uppgjör á hluta Jöfnunarsjóðs í eftirstöðvum álagningar 2015

Hluti Jöfnunarsjóðsins í eftirstöðvum útsvars vegna álagningar 2015 er gerður upp með þeim hætti að reiknaður er hluti sjóðsins í innheimtunni ágúst - desember 2015 og hluti í óinnheimtum eftirstöðvum þann 31.12.15 að teknu tilliti til skattbreytinga og áætlaðra afskrifta.

Reiknaður er hluti Jöfnunarsjóðsins í innheimtunni ágúst – desember þannig að innheimtan er margfölduð með 0,77% og deilt í með álagningarprósentu útsvars í viðkomandi sveitarfélagi.

Reiknaður er hluti Jöfnunarsjóðsins í eftirstöðvum útsvars þann 31.12.15 á lögðum 2015 þannig að eftirstöðvar útsvars við álagningu ársins 2015 voru lækkaðar eða hækkaðar sem námu skattbreytingum frá skattstjórum á tímabilinu ágúst – desember á árinu 2015, að viðbætti lækkun vegna innheimtu fyrir sama tímabil. Eftirstöðvarnar í árslok 2015 eru síðan færðar niður um 35% sem áætlað er að séu tapaðar kröfur og verði afskrifaðar. Eftir standa áætlaðar eftirstöðvar sem líklegt er að muni innheimtast. Hluti Jöfnunarsjóðsins er reiknaður af þeim þannig að eftirstöðvarnar eru margfaldaðar með 0,77% og deilt í með álagningarprósentu útsvars hjá hverju sveitarfélagi.

Málefni fatlaðra, 0,99% af útsvarsstofni**13. Álagning, hluti Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga**

Álagt útsvar hjá hverju sveitarfélagi er samkvæmt álagningarskrá skattstjóra. Hluti Jöfnunarsjóðs er 0,99% af álagningarstofni útsvars vegna málefna fatlaðra og er reiknaður þannig að álagt útsvar hjá hverju sveitarfélagi er margfaldað með hluta Jöfnunarsjóðsins og deilt í með álagningarprósentu útsvars í viðkomandi sveitarfélagi.

14. Til innheimtu hjá gjaldendum, hluti Jöfnunarsjóðs

Eftirstöðvar álagningar útsvars til innheimtu hjá gjaldendum er skv. álagningarskrá skattstjóra. Hluti Jöfnunarsjóðs er reiknaður 0,99% af eftirstöðvum útsvars hjá hverju sveitarfélagi og deilt í með álagningarprósentu útsvars í viðkomandi sveitarfélagi.

15. Hluti í innheimtu eftirstöðva útsvars

Hluti Jöfnunarsjóðs í áætlaðri innheimtu á eftirstöðvum útsvars, ágúst – desember 2016 er reiknaður þannig að gert er ráð fyrir að álagt útsvar í hverju sveitarfélagi taki breytingum frá skattstofum sem nemi meðaltali skattbreytinga hjá hverju sveitarfélagi undanfarin tvö ár. Eftirstöðvar útsvars til innheimtu eru lækkaðar eða hækkaðar sem nemur áætluðum skattbreytingum og síðan færðar niður um 10% til viðbótar sem eru áætlaðar afskriftir. Eftir standa áætlaðar eftirstöðvar sem talið er að muni innheimtast og er hluti Jöfnunarsjóðs reiknaður af þeim þannig að þær eru margfaldaðar með 0,99% og deilt í með álagningarprósentu útsvars í viðkomandi sveitarfélagi.

16. Bakfærður hluti Jöfnunarsjóðs í eftirstöðvum úr álagningu 2015

Hluti Jöfnunarsjóðs í áætlaðri innheimtu á tímabilinu ágúst – desember 2014 á eftirstöðvum útsvars eftir álagningu 2015 vegna gjaldársins 2014 og færður var í uppgjöri síðasta árs er bakfærður.

17. Uppgjör á hluta Jöfnunarsjóðs í eftirstöðvum álagningar 2015

Hluti Jöfnunarsjóðsins í eftirstöðvum útsvars vegna álagningar 2015 er gerður upp með þeim hætti að reiknaður er hluti sjóðsins í innheimtunni ágúst - desember 2015 og hluti í óinnheimtum eftirstöðvum þann 31.12.15 að teknu tilliti til skattbreytinga og áætlaðra afskrifta.

Reiknaður er hluti Jöfnunarsjóðsins í innheimtunni ágúst – desember þannig að innheimtan er margfölduð með 0,99% og deilt í með álagningarprósentu útsvars í viðkomandi sveitarfélagi.

Reiknaður er hluti Jöfnunarsjóðsins í eftirstöðvum útsvars þann 31.12.15 á lögðum 2015 þannig að eftirstöðvar útsvars við álagningu ársins 2015 voru lækkaðar eða hækkaðar sem námu skattbreytingum frá skattstjórum á tímabilinu ágúst – desember á árinu 2015, að viðbætti lækkun vegna innheimtu fyrir sama tímabil. Eftirstöðvarnar í árslok 2015 eru síðan færðar niður um 35% sem áætlað er að séu tapaðar kröfur og verði afskrifaðar. Eftir standa áætlaðar eftirstöðvar sem líklegt er að muni innheimtast. Hluti Jöfnunarsjóðsins er reiknaður af þeim þannig að eftirstöðvarnar eru margfaldaðar með 0,99% og deilt í með álagningarprósentu útsvars hjá hverju sveitarfélagi.

C Uppgjör á hluta Jöfnunarsjóðs

Hluti Jöfnunarsjóðs í útsvari sveitarfélagsins.

D Niðurstaða uppgjörs

Staða uppgjörs útsvars þegar hluti Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hefur verið tekinn inn í uppgjörið.

Niðurstaða eftir uppgjörið er að annað hvort hafa sveitarfélög komið út með inneign eða skuld. Sveitarfélög með inneign fá hana greidda út með skilum á staðgreiðslufé 15. september. Hjá þeim sveitarfélögum sem komu út með skuld er skuldin gerð upp með þeim hætti að henni er skipt á fjóra gjalddaga og er dregin af skilum á staðgreiðslufé 15. september, 15. október, 15. nóvember og 15. desember. Inneign Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er greidd til sjóðsins á sömu gjalddögum.

SKIPTING Á INNHEIMTRI STAÐGREIÐSLU FYRIR ÁLAGNINGU

Innheimtri staðgreiðslu v/gjaldársins er skipt daglega á milli ríkisins og viðkomandi sveitarfélaga skv. ákveðnum forsendum úr staðgreiðslukerfinu og upplýsingum um útsvarsprósentu í hverju sveitarfélagi.

Allri innheimtri staðgreiðslu, áætlunum, dráttarvöxtum og viðurlögum vegna vanskila er skipt innan gjaldársins.

Skiptihlutfallið á milli sveitarfélaga og ríkisins er reiknað út mánaðarlega, þ.e. að kvöldi 10. - 14. hvers mánaðar. Þessu skiptihlutfalli er beitt við skiptingu daglegrar innheimtu fram að næsta endurútreikningi á skiptihlutfallinu.

Skiptihlutfallið er reiknað þannig að fundin eru heildarlaun launamanna í hverju sveitarfélagi samkvæmt skráðum sundurliðunum að viðbættu reiknuðu endurgjaldi af launum einstaklinga af eigin atvinnurekstri, bæði þeirra sem skila mánaðarlega og þeirra sem mega skila einu sinni á ári þ.e. 1/12 af reiknuðum launum ársmanna er bætt við í hvert skipti sem skiptihlutfallið er endurreiknað. Stofn þess er síðan margfaldaður með útsvarsprósentu viðkomandi sveitarfélags og deilt í með skilaskyldri staðgreiðslu landsins alls. Þá fæst hlutdeild sveitarfélagsins í staðgreiðslu landsins alls. Á sama hátt er fundin hlutdeild ríkisins í innheimtri staðgreiðslu hjá hverju sveitarfélagi.

Þegar nýtt skiptihlutfall er reiknað er því beitt á innheimtuna frá áramótum til útreikningsdags og fyrri skipting dregin frá. Ef mismunurinn er jákvæður þá hefur sveitarfélaginu verið greitt of lítið það sem af er árinu. Vangreiðslan er færð sveitarfélaginu til tekna á viðskiptareikning þess hjá Fjársýslu ríkisins v/staðgreiðslu og greidd út á næsta skiladegi. Hins vegar ef mismunurinn er neikvæður, þá hefur sveitarfélaginu verið greitt of mikið í fyrri mánuðum. Ofgreiðslan er þá skuldfærð á viðskiptareikning sveitarfélagsins hjá Fjársýslu ríkisins v/staðgreiðslu og kemur til lækkunar á næsta skiladegi.

Síðasta skiptihlutfall vegna gjaldársins 2015 var reiknað 03. maí 2016. Var því skiptihlutfalli beitt á innheimtuna til 31. maí 2016 þegar skráin var lokað vegna álagningarvinnslu.

Nánari upplýsingar um uppgjörið veitir Alfreð S. Erlingsson hjá Fjársýslu ríkisins, sími: 545-7500, alfred.erlingsson@fjs.is

UPPGJÖR ÚTSVARIS

ÁLAGNING 2016 VEGNA TEKNA 2015

	Sveitarfélag	1300
	Heiti sveitarfélags	Garðabær
	Kennitala	570169-6109
	Álagningaprósenta útsvars	13,70%
Skýringar		
1	- Álagning	8.323.029.120
2	- Verðbætur á ógreitt útsvar	4.223.653
3	+ Til innheimtu hjá gjaldendum	162.136.901
4	+ Verðbætur á ofgreitt útsvar	12.436.590
A	Staðgreiðsla samtals	8.152.679.282
5	+ Kostnaður vegna innheimtu 0,5%	40.763.396
6	- Áður greiddur kostnaður, 0,5% 31.12.15	36.694.018
7	+ Skil á staðgreiðslu 01.01.15 - 31.05.16	7.064.488.386
B	Uppgjör staðgreiðslu, - = inneign	-1.084.121.518
8	Jöfnunarsjóður - Grunnskólar, 0,77% af útsvarsstofni	
9	+ Álagning, hluti Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	467.790.688
10	- Til innheimtu hjá gjaldendum, hluti Jöfnunarsjóðs	9.112.804
11	+ Hluti Jöfnunarsjóðs í innheimtu eftirstöðva	4.833.431
12	- Bakf hluti Jöfnunarsjóðs í eftirst álagningu 2015	3.001.100
13	+ Hluti Jöfnunarsjóðs í eftirst ál. 2015 uppgjör	4.564.558
14	Jöfnunarsjóður - Málefni fatlaðra, 0,99% af útsvarsstofni	
15	+ Álagning, hluti Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	601.445.170
16	- Til innheimtu hjá gjaldendum, hluti Jöfnunarsjóðs	11.716.462
17	+ Hluti Jöfnunarsjóðs í innheimtu eftirstöðva	6.214.411
18	- Bakf hluti Jöfnunarsjóðs í eftirst álagningu 2015	3.858.557
19	+ Hluti Jöfnunarsjóðs í eftirst ál. 2015 uppgjör	5.868.717
C	Hluti Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	1.063.028.051
D	Niðurstaða uppgjör, - = inneign	-21.093.466

Niðurstaða uppgjör, skv. lið D, segir til um hvort sveitarfélagið komi út með inneign eða skuld. Mínus staða jafngildir inneign sem kemur til greiðslu 15. september.

Ef niðurstaða uppgjörins er plús þá jafngildir það að sveitarfélagið hefur komið út í skuld við ríkissjóð eftir uppgjórið. Hjá þeim sveitarfélögum er skuldin gerð upp með þeim hætti að henni er skipt niður á fjóra gjalddaga, 15. september, 15. október, 15. nóvember og 15. desember og er dregin frá skilum á staðgreiðslufé